

Nd.

482. Nefndarálit

[181. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá 3. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með lögum um stjórn fiskveiða er verið að fjalla um og ákveða skipan í þeim málaflokki sem skiptir mestu fyrir afkomu þjóðarinnar.

Frumvarp það sem nú liggur fyrir Alþingi er fyrir margra hluta sakir mjög sérstætt. Borgaraflokkurinn hefur lagt áherslu á að sjávarfang það, sem lög um stjórn fiskveiða eiga að ná yfir, sé sameign þjóðarinnar allrar. Í því felst að leitað sé leiða til að ná aflanum úr greipum sjávar með sem arðbærustum hætti. Þingmenn Borgaraflokksins eru einhuga um að hafa stjórn á sókninni í auðlindir sjávar og það með sem minnstum höftum.

Við erum því í meginefni ósammála skipan mála eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Á hitt er að líta að við gerum okkur grein fyrir að meiri hluti alþingismanna er á öndverðum meiði og því aðeins raunhæft að reyna að fá lagfærða verstu gallana á frumvarpinu eins og það liggur fyrir.

Það að berja frumvarpið í gegnum báðar deildir Alþingis með forgangshraða og helst án vinnu í nefndum er víti til varnaðar þegar svo viðamikíð og viðkvæmt mál er til umræðu og afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Í meðferð nefnda hafa verið gerðar lítills háttar breytingar sem eru til bóta en langt frá því að vera fullnægjandi.

Í öllum málflutningi Borgaraflokksins á Alþingi hefur verið lögð sérstök áhersla á málstað smábátaeigenda og nægir í því sambandi að minna á afkomumöguleika á stað eins og Grímsey. Það ber að harma að meiri hl. skuli ekki samþykkur þessari stefnu.

Þingmenn Borgaraflokksins hafa lagt fram breytingartillögur við frumvarpið sem fela í sér:

1. að landið sé eitt veiðisvæði,
2. að sérstök framkvæmdanefnd fari með stjórn fiskveiða ásamt sjávarútvegsráðherra,
3. að botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. séu óbreyttar frá eldri lögum,
4. að sérstakur dómstóll, fiskveiðidómur, fjalli um þau atriði laganna sem dæma þarf um,
5. að gildistíminn sé eitt ár.

Alþingismönnum hefur verið skammtaður naumur tími til að ráða ráðum sínum um takmörkun á veiðum og til að tryggja sem arðbærasta og hagkvæmasta nýtingu mestu auðlindar okkar. Það er miður að ekki hefur náðst samstaða um leiðir til verulegra bóta á núverandi lögum á Alþingi. Þvergirðingsháttur og hagsmunagæsla við vinnu og gerð laga um stjórn fiskveiða er ekki sú leið sem þingmenn Borgaraflokksins vilja fara.

Alþingi, 5. jan. 1988.

Hreggviður Jónsson,
fundaskr.